

Fundargerð

Aðalfundur foreldrafélags Verslunarskólans var haldinn 3. október 2012 kl. 17.00 í Verzlunarskólanum.

Dagskrá fundarins :

1. Skýrsla stjórnar um störf hennar og starfsemi.
2. Umræða um skýrslu stjórnar og þar sem ekki eru innheimt nein félagsgjöld er ekki gerður sérstakur ársreikningur vegna starfsemi félagsins.
3. Kosning í stjórn:
5 fulltrúar sem voru í stjórn í fyrra gáfu áfram kost á sér en þeir eru Elín Thoroddsen, Guðrún Vala Ólafsdóttir, Lena K. Lenharðsdóttir, Hlaðgerður Íris Björnsdóttir og Árni Sv. Mathiesen. Tveir nýir fulltrúar voru kosnir báðir með börn úr 3ja bekk: Unnur Ingólfisdóttir og Katrín Helgadóttir.
4. almennar umræður fundarmanna sem voru um 30. Rætt var m.a. um:
 - Ójafnt álag milli anna í 3. bekk
 - Aðkomu foreldra að skólaráði/skólanefnd
 - Hvort skólinn stefndi að því að bjóða upp á 3ja ára nám
 - Gott fyrirkomulag skólaballa og aðkomu foreldra að böllum
 - Hvort það samræmist heilsueflandi skóla að vera með leikfimi einu sinni í viku?

Eftir fundinn kom Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri Rannsóknna og greiningar, og fjallaði um rannsóknir á högum og líðan ungs fólks undanfarin ár og áhrif forvarna gagnvart neyslu vímuefna. Áhugavert var að fræðast um hversu vel nemendur Verslunarskólans kom út úr þeim könnunum og hversu mikilvægt forvarnarstarf í samvinnu foreldra er, m.a. aðstoð við böll. Nokkrar umræður voru eftir erindi Jóns sem svarði spurningum fundarmanna.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21.